

REGLUGERÐ

um Umferðarráð.

1. gr.

Dómsmálaráðherra skipar Umferðarráð til þriggja ára í senn.

2. gr.

Dómsmálaráðherra skipar tvo fulltrúa í Umferðarráð án tilnefningar. Skál annar þeirra vera formaður ráðsins og hinn varaformaður.

Enn fremur eiga eftirgreindir aðilar rétt á að tilnefna einn fulltrúa í Umferðarráð og annan til vara:

Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra	menntamálaráðuneytið
Bindindisfélag ökumanna	Reykjavíkurborg
Bílgreinasambandið	ríkislögreglustjóri
dóms- og kirkjumálaráðuneytið	Samband íslenskra sveitarfélaga
Félag íslenskra bifreiðaeigenda	Samband íslenskra tryggingafélaga
heilbrigðis- og tyggingamálaráðuneytið	Skráningarstofan hf.
Landssamband íslenskra akstursípróttafélaga	Slysavarnafélag Íslands
Landssamband vörubifreiðastjóra	Vegagerðin
lögreglustjórinn í Reykjavík	Ökukennarafélag Íslands
	Öryrkjabandalag Íslands

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 112. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 138 18. desember 1996, öðlast gildi 4. febrúar 1997. Tilnefningarréttur ríkislögreglustjóra tekur þó ekki gildi fyrr en 1. júlí 1997.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.